

Málning hf.
Dalvegi 18
201 Kópavogur

Reykjavík, 24. júní 2021
UST202103-059/H.S.J.
08.09.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16.4.2021, hjá Málningu hf.

Þann 16. apríl sl. fór fram eftirlit í málningarverksmiðju Málningar hf. Dalvegi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Uppfæra skal áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar hafs og stranda á a.m.k. fjögurra ára fresti. Rekstraraðila var bent á í eftirliti 2019 að taka þyrfti til endurskoðunar og dagsetja áhættumat sem hefur verið í gildi síðan 2015, en það hefur ekki verið gert.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Ekki er heimilt að opin niðurföll séu í efnageymslu. Þó er heimilt að staðsetja niðurfall sem leitt er í setþró við innkeyrslu á hráefnisgeymslu, en tryggja skal að ekki renni af gólfi í hráefnisgeymslu í þetta niðurfall, t.d. með upphækkuðum kanti. Geymsla á ætandi efnunum skal tenjast lekavörn sem getur tekið við efnunum ef geymar gefa sig. Niðurfall við inngang er ekki varið og efni eru ekki geymd í lekaþró.
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Skrá skal m.a. hitastig þar sem leysiefni eru geymd sbr. gr. 3.4. Skrá skal hitann a.m.k. einu sinni í viku og ef hitasveiflur verða. Hitastig í leysiefnageymslu hefur ekki verið skráð í samræmi við starfsleyfi. Frávik þessa efnis var einnig skráð 2018 og hefur rekstraraðili ekki staðið við úrbætur.
4. Gr. 4.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengings almanaksárs. **Grænt bókhald vegna 2019 barst 4. maí 2020. Grænt bókhald 2020 barst 30. apríl 2021 og því er frávikinu lokað.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. júlí 2021.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri